

Forsætisráðuneyti  
Lækjartorgi  
101 Reykjavík

Fjallabyggð, 7. apríl 2020  
Nr. erindis 1912027 / EP

Efni : Uppbygging innviða, mál nr. 55/2020 – Umsögn Fjallabyggðar

Á fundi 647. fundi bæjarráðs Fjallabyggðar var tekin fyrir skýrsla átakshóps sex ráðuneyta um úrbætur í innviðum sem nú er í samráðsgátt stjórnvalda.

Bæjarráð Fjallabyggðar þakkar átakshópnum fyrir góða vinnu sem og stjórnvöldum fyrir skjót og góð viðbrögð í kjölfar óveðursins í desember síðastliðnum. Átakshópurinn leggur til fjölmargar aðgerðir til að styrkja innviði landsins og ljóst er að þörf er á úrbótum víðs vegar um landið.


Bæjarráð Fjallabyggðar tekur undir nauðsyn þess að skoðað verði skilgreiningar varðandi opinberar áfallatryggingar, öll fyrirtæki í Fjallabyggð í framleiðslu þurftu að bera kostnaðinn sjálf þar sem enginn trygging tók á rafmagnsleysinu. – Bjargráðasjóð. LAN-110 – Opinberar áfallatryggingar

Bæjarráð Fjallabyggðar bendir á mikilvægi þess að hraðað verði eins og kostur er aðgerðum sem felast í jarðstrengjavæðingu á raforkukerfi. Frá því í desember hefur Fjallabyggð tvisvar sinnum verið rafmagnslaus vegna bilana sem upp hafa komið á Dalvíkurlínu vegna veðurs. Einnig þarf að tryggja að Skeiðsfossvirkjun verði áreiðanlegt varaafli fyrir Fjallabyggð með því að fara í endurbætur og viðhald. En ekki er komin hringtenging við landsnetið á Tröllaskagan.

Þá vill bæjarráð benda á að sjóvarnir bæði á Siglufirði og Ólafsfirði stórskemmdust í óveðrinu í desember og þarf að ráðast í endurbætur á þeim strax í sumar svo afstýra megi frekara tjóni.

Fjallabyggð býr við þær aðstæður að geta lokast inni þar sem vegir eru ófærir eða snjóflóðahætta þar af leiðandi er lögð áhersla á bættar samgöngur. Veturinn í vetur hefur slegið öll fyrri met í lokunum. Um miðjan mars hafði Siglufjarðarvegi verið lokað 42 sinnum, Múlanum 19 sinnum og Héðinsfirði 11 sinnum. Það er mat bæjarráðs að skoða þurfi af alvöru að byggja vegskála í Múlanum á Ólafsfjarðarvegi svo mögulegt verði að tryggja ásættanlegar samgöngur til Akureyrar. Einnig telur bæjarráð mikilvægt að áfram verði unnið að skoðun á jarðgöngum yfir í Fljótin, Skagafirði frá Siglufirði.

Á undanförunum áratug hefur Fjallabyggð mátt þola niðurskurð í öllum stoðkerfum, má þar nefna fækkun lögreglumanna, sjúkrabíll tekin frá Ólafsfirði, fækkun á starfsstöð



Rarik á Siglufirði. Í því veðri sem gekk yfir í desember kom berlega í ljós að kerfið er komið yfir þolmörk og enga utanaðkomandi aðstoð að fá. Bæði í umræddu veðri sem og í lokunum vetrarins hefur samfélagið í Fjallabyggð algjörlega þurft að treysta á stoðkerfi innan sveitarfélagsins. Fyrir þær sakir er mjög mikilvægt að ráðist verði í það að styrkja stoðþjónustu sem og alla innviði, samfélagið hér á utanverðum Tröllaskaga þolir ekki frekari niðurskurð.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink that reads "Elías Pétursson".

---

Elías Pétursson  
bæjarstjóri